

## **Reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Sveitarfélaginu Árborg**

### **1. gr. Markmið**

Markmið með akstursþjónustu eldri borgara er að gera eldri borgurum í Sveitarfélaginu Árborg kleift að búa lengur utan stofnana. Sveitarfélagið Árborg mun semja við viðurkennda bifreiðastöð um að sinna umræddri þjónustu.

### **2. gr. Umsóknir um akstursþjónustu**

Sækja skal um akstursþjónustu með rafrænum hætti á mínum síðum á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgareða með skriflegri umsókn hjá þjónustuveri sveitarfélagsins í Ráðhúsinu. Umsókn telst ekki gild fyrr enn öll gögn hafa borist svo sem læknisvottorð um ökuhæfni. Uppfylli umsækjandi skilyrði 3. gr. fær hann afhent notendakort og útdrátt af reglum þessum.

### **3. gr. Réttur til þjónustu**

Akstursþjónustan er eingöngu fyrir íbúa Árborgar, 67 ára og eldri, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, búa utan stofnunar og geta ekki ekið ökutæki samkvæmt læknisvottorði.

Þeir eldri borgarar sem dvelja tímabundið eða til langframa á stofnunum, þ.e. dvalarheimilum, hjúkrunarheimilum og/eða sjúkrahúsum, eiga ekki rétt á akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum, **sbr. 14 gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.**

Um akstur í dagdvöl aldraðra fer samkvæmt 4.gr. Reglugerð dagdvöl aldraðra 1245/2016.

Einstaklingar sem fá akstursþjónustu á grundvelli reglna um ferðaþjónustu fatlaðra njóta hennar áfram þrátt fyrir að vera 67 ára og eldri, á meðan þörf krefur svo lengi sem hann búi hann utan stofnunar.

#### 4. gr. Skilgreining á þjónustu

Samkvæmt reglum þessum skal akstursþjónusta aðeins veitt innan marka Sveitarfélagsins Árborgar. Hámarksfjöldi ferða er 20 ferðir á mánuði. Akstur er í boði alla virka daga frá kl. 8:00 – 18:00.

#### 5. gr. Ferðir

Ferðir eru pantaðar hjá viðkomandi bifreiðastöð sem Sveitarfélagið Árborg hefur samið við.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan marka sveitarfélagsins Árborgar.

Notendur skulu leitast við að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma.

Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur.

Við sérstakar aðstæður skulu bílstjórar aðstoða notendur í og úr bifreið. Ef notandi getur ekki ferðast án aðstoðar skal hann útvega sjálfur og kosta fylgd aðstoðarmanns. Notendur skulu kvitta fyrir þjónustu á þar til gerðu eyðublaði sem bifreiðarstjóri framvísar. Sé notandi sjónskertur og ófær um að kvitta fyrir þjónustu, skal hann nota stimpil.

Notendur skulu greiða bifreiðarstjóra gjald skv. gjaldskrá. Séu fleiri en einn notandi í

sömu bifreið skulu allir notendur greiða umsamið gjald. Ef notandi notast við sér útbúna bifreið vegna líkamlegrar fötlunar sinnar er sendur reikningur í heimabanka.

## 6. gr. Málskot til Velferðarnefndar

Synjun um akstursþjónustu má skjóta til Velferðarnefndar Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss. Skal það gert skriflega og eigi síðar en fjórum vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

## 7. gr. Málskot til úrskurðarnefndar

Ákvörðun Velferðarnefndar Árborgar má skjóta til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun. Málskot frestar að jafnaði ekki framkvæmd hinnar kærðu ákvörðunar.

## 8. gr. Gildistaka

Reglur þessar eru settar með vísan til ákvæða X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reglurnar tóku gildi 1. desember 2017. Þær voru samþykktar í Félagsmálanefnd Árborgar þann 07.11.2017 og í Bæjarstjórn Árborgar þann 15.11.2017. Breytingar á reglunum voru samþykktar í Velferðarnefnd Árborgar þann 24.10.2024 og í kjölfarið í Bæjarstjórn Árborgar þann 13. nóvember 2024. Reglurnar voru uppfærðar þann 05.02.2025.